

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐARBÓK FRÆDSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

**150. fundur fræðsluráðs haldinn miðvikudaginn 28. maí 2014, kl. 16.00 í ráðhúsinu.**

## Dagskrá:

1. Kynning á niðurstöðum könnunar sem gerð var hjá foreldrum leikskólabarna. Dvalarsamningur. Stöðugildi í leikskólanum. Guðrún Lára Magnúsdóttir skólastjóri leikskólans mætir á fundinn kl. 16:15
2. Skóladagatal grunnskólans
3. Önnur mál.

## Afgreiðslur.

1. Kynning á niðurstöðum viðhorfskönnunar varðandi heimsóknir presta í leikskólann Ásgarð. Niðurstöður eru á þá leið að meirihluti forsjáraðila eru sáttir við heimsóknir presta í leikskólann en flestir telja æskilegast að fræðsla presta fari fram í kirkju/safnaðarheimili. Sviðstjóra fjölskyldusviðs hefur verið falið að innleiða breytingar á fyrirkomulagi heimsóknanna skv. bókun á 832. fundi byggðaráðs 12. maí sl.  
Guðrún Lára Magnúsdóttir skólastjóri leikskólans Ásgarðs og Sigríður Elva Ársælsdóttir fulltrúi starfsmanna mæta á fundinn. Dvalarsamningur, niðurstöður af 45 nemendum þá samþykktu foreldrar 42 barna, eða mikill meirihluti samninginn óbreyttan. Leikskólapúlsinn, niðurstöður kynntar. Formaður fræðsluráðs lýsir yfir ánægju sinni með það matstæki sem leikskólapúlsinn er. Mjög jákvæðar niðurstöður úr leikskólapúlsinum varðandi leikskólann Ásgarð. Ráðið telur mikilvægt að athugasemdir sem fram koma í Leikskólapúlsinum fái umræðu meðal starfsfólks leikskólans og fræðsluyfirvalda til þess að sinna eftirlitshlutverki sínu. Rætt um þörf á auknu stöðugildi í leikskólanum vegna þörf á stuðningi. Guðrúnu Láru Magnúsdóttur Sigríði Elvu Ársælsdóttur og Sesselju Anítu Ellertsdóttur.
2. Skóladagatal grunnskólans samþykkt.
3. Önnur mál.

Formaður fræðsluráðs þakkar nefndinni fyrir gott samstarf.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl:

Rakel Runólfsdóttir (sign.),  
Ólöf Þorsteinsdóttir (sign.),  
Borghildur H. Haraldsdóttir (sign.),  
Gísli G. Magnússon (sign.),  
Esther Hermannsdóttir (sign.)

